

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 21/2016****2017/EES/45/21****frá 5. febrúar 2016****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2115 frá 23. nóvember 2015 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar formamíð <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2116 frá 23. nóvember 2015 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar bensísóþíasólínón <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2117 frá 23. nóvember 2015 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar klórmetylísóþíasólínón og metýlísóþíasólínón, bæði stakt efni og í hlutfallinu 3:1 <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 L 2115:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2115 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 17),
- **32015 L 2116:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2116 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 20),
- **32015 L 2117:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2117 frá 23. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 23).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/2115, (ESB) nr. 2015/2116 og (ESB) nr. 2015/2117, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 17.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 20.<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.